

## F U N D A R G E R ð

5. maí 2021

Aukafundur stjórnar, haldinn í fjarfundi í gegnum Teams.

Mættir: Karl Þránínsson, Unnur Björnsdóttir, Hrund Hauksdóttir.

Fjarverandi: Magnús Már Guðmundsson, Börkur Hrafn Birgisson, Illugi Gunnarsson, Eyrún Magnúsdóttir.

1. Vorhátíð og skólaslit – hugmyndir að fyrirkomulagi?

Rætt um að fá aðgang að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eða lóðinni á Fossvogsskóla. Foreldrafélagið kæmi mögulega að aðkomu að pyslupartýi.

Árið 2019 greiddi Foreldrafélagið 6.bekk fyrir andlitsmálun og posa vegna sölu 7.bekkjar á candyfloss- og poppvél.

*Samþykkt => Karl ræðir við Ingibjörgu um aðgengi að garðinum og fáum Eyrúnu til að koma að því sem bekkjarfulltrúi í 7.bekk og smala foreldrum saman í aðkomu 7.bekkjar að vorhátíðinni.*

2. Mögulegt hverfisverkefni foreldrafélaganna í sumar

Skipulagning tónlistarhátíðar í hverfinu – Karl sótti um 500 þús.kr. fyrir okkar hverfi. Óljóst um úthlutun.

*Samþykkt => Ekkert samþykkt. Hugað að því þegar þar að kemur.*

3. Forvarnarmyndbönd Réttarholtsskóla

Ræddum verkefnið og óformleg ákvörðun var tekin um að taka þátt í verkefninu. Upphæð er óljós en verður á bilinu 50-75 þús.kr.

*Samþykkt => Foreldrafélag Fossvogsskóla styrkir verkefnið.*

4. Skóladagatal 2021-2022

Drög að skóladagatali næsta skólaárs rædd.

Tilraun á næsta ári til að hafa fullan kennsludag þegar skólasetning er.

*Samþykkt => Karl sendir drög að skóladagatali á fulltrúa foreldrafélags.*

5. Aðalfundur 2021

Stefnt að aðalfundi Foreldrafélags 29.september nk.

*Samþykkt => dagsetning samþykkt.*

## Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

### 6. Önnur mál

#### a. Húsnæðismál

Rætt var stuttlega um stöðuna í húsnæðimálum Fossvogsskóla og þau rædd stuttlega.

Engin önnur mál rædd.

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF þann 19. maí nk. kl. 18.

Fundargerð ritaði HHa.